



Selfossi, 07. 03. 2006.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 - 10,  
150 Reykjavík.

Til iðnaðarnefndar Alþingis.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006 - 2009,  
391. mál.

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) lýsir yfir stuðningi við  
meginmarkmið tillögunnar.

Varðandi styrkingu landshlutakjarna verður að líta svo á, að litið sé fram hjá  
Suðurlandi þar sem mikil fólksfjöldgun á sér stað í þéttbýliskjörnum þar. Á Suðurlandi  
(Árnes-, Rangárvalla- og V. - Skaftafellssýslu) búa nú um 18.000 manns og þar er  
mest fólksfjöldgun á landinu. Gera verður ráð fyrir, að íbúar þessa fjölmenna svæðis  
hafi jafnt gott aðgengi að þjónustu og aðrir íbúar landsbygðarinnar.

Varðandi helstu aðgerðir til að ná markmiðum áætlunarinnar gerir Heilbrigðisstofnun  
Suðurlands einungis athugasemd við aðgerð nr. 15 um bættu heilbrigðisþjónustu. Þar  
er einungis getið um að bæta heilbrigðisþjónustu með því að flytja verkefni frá ríki til  
sveitarfélaga og með heilbrigðisneti.


Að mati framkvæmdastjórnar HSu er nærtækara og raunhæfara að flytja ýmsa  
sérfræðiþjónustu, sem nú er sinnt á stofum sérfræðinga og göngudeildum á  
höfuðborgarsvæðinu, á heilbrigðisstofnanir í hverjum landshluta. Þar verði þessari  
þjónustu sinnt í formi göngu- og dagdeildarþjónustu. Heilbrigðisstofnanirnar veiti þá  
sérfræðiþjónustu, sem mest þörf er fyrir á hverjussvæði, með því að fá til starfa  
viðkomandi sérfræðinga. Átt er við sérfræðiþjónustu, sem ekki þarfnast sérstaklega  
mikils stofnkostnaðar í húsnæði og búnaði, heldur einungis venjulegs húsnæðis fyrir  
læknastofur og/eða göngudeildir. Viðkomandi heilbrigðisstofnanir þurfa að ráða  
sérfræðinga í hlutastarf til að veita þessa þjónustu.



Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur gert athugun á aðsókn íbúa á þjónustusvæði Hsu á lækna- og göngudeildir á höfuðborgarsvæðinu. Skv. upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins voru samtals um 17.000 komur þeirra á lækna- og göngudeildir LSH fer stöðugt fjölgandi. Mikið af þessari þjónustu er hæglega hægt að veita á heilbrigðisstofnuninni svo framarlega að húsnæði og sérfræðiþjónusta sé til staðar. Með því að tryggja heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni fjármagn til að veita meiri sérfræðiþjónustu er hægt að auðvelda aðgengi íbúa landsbyggðarinnar að þessari þjónustu. Það er í samræmi við stefnumörkun Alþingis í heilbrigðisáætlun til 2010 um að jafna aðgengi íbúa að heilbrigðiþjónustu.

Hverri komu skjólstæðings af landsbyggðinni til sérfræðings fylgir oft einn eða fleiri aðstandendur. Mikill tími fer í slíkar ferðir, auk ferðakostnaðar og annars kostnaðar. Aukin sérfræðiþjónusta í heimabyggð bætir því búsetuskilyrði verulega og er mikilvægasti hlekkurinn í bættri heilbrigðiþjónustu á landsbyggðinni.

F.h. framkvæmdastjórnar  
Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,



Magnús Skúlason, framkv.stj.